

Byggingarfulltrúi Vesturbyggðar  
Vesturbyggð  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður



Reykjavík 7. mars 2016  
UST201602-212/K.S.J.  
10.04.03

## Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðældis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Vesturbyggðar er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðældis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar. Í greinargerð kemur fram að áætlað er að efla seiðældi, skipuleggja athafnasvæðið í heild sinni og fá ósamþykkt mannvirki samþykkt. Í greinargerð kemur fram að áætlað er að framleiða um 1,7 – 1,8 milljón seiða á ári á svæðinu, sem mun gera um 150 – 170 tonn á ári. Einnig kemur fram að ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

### Skipulagssvæðið

Svæðið er deiliskipulagstillagan nær yfir er í landi Gileyrar og Eysteinseyrar við norðanverðan Tálknafjörð. Stærð tillögunsvæðisins er skv. greinargerð 1,35 ha. Einnig kemur fram í greinargerð að fiskeldi er þegar starfrækt í fjórum húsum og 5 gámum. Á svæðinu eru einnig þrettán eldistjarnir, og eru átta þeirra í notkun.

### Deiliskipulag

Í umfjöllun um deiliskipulag kemur fram að tveir byggingarreitir eru afmarkaðir á deiliskipulagsuppdrættinum merktir B1 og B2. Reitur B1 er fyrir núverandi seiðældhús og þjónustubyggingar, en B2 er áætlaður fyrir kerskálabyggingu með móttöku og aðstöðu fyrir starfsmenn. Athygli vekur að byggingarreitir eru afar stórir og erfitt að sjá hvar ætlað er að bæta við mannvirkjum.

Í umfjöllun um staðsetningu byggingarreita kemur fram að byggingarreitir 1 og 2 eru staðsettir nær sjávarbakka en 50 m og á uppdrætti má sjá að gert er ráð fyrir mörkum byggingarreita nánast á sjávarbakka að mestu. Í deiliskipulagstillögunni segir: „Þessi staðsetning byggingarreita 1 og 2 er mikilvæg til að hægt sé að nýta núverandi mannvirki, bæði byggingar, veitur og eldistjarnir. Fyrir almenninga með meðfram sjávarbakkanum verður ekki hindruð, nema hugsanlega tímabundið við sérstakar aðstæður í starfseminni.“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að nýframkvæmdir fari ekki fram svo nærri sjávarbakka ef þess er kostur, þótt að eldri framkvæmdir sem ekki voru deiliskipulagðar, liggi svo nærri sjávarbakka. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að almenningi

verði auðvelduð för meðfram lóðinni, þegar aðstæður eru þannig að ekki er hægt að komast eftir sjávarbakkanum. Stofnunin bendir á að í 26. gr. laga nr. 60 um náttúruvernd kemur eftirfarandi fram : „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur.“


### Sorphirða


Í umfjöllun um sorphirðu og úrgangsmál kemur fram að meðhöndlun úrgangs skuli vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum um fiskeldi skal eldi ferskvatns og sjávarlífvera hafa starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, því skal meðhöndlun úrgangs vera skv. starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

### Náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 hafa tekið gildi, en vísað er í eldri lög í greinargerð tillögunnar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymistjóri